





Ljósmyndir: Daníel Bergmann

Hönnun og umsjón: Teikn á lofti ehf.

## **Silfurmáfur** *(Larus argentatus)*




Að mestu staðfugl

| | cm | g |
|---|---|---|
| 3 | 138-155 | 1100 |

Silfurmáfur er nánast alæta og er fæða hans mjög fjölbreytt. Hann lifir á fiski, krabbadýrum, skeldýrum, skordýrum, hræjum og úrgangi. Fæðuna tekur hann á sjó, í fjörum eða af landi. Silfurmáfur tekur einnig egg og unga. Röddin er bjartari en hjá sílamáfi og svartbaki.

The European Herring Gull feeds mainly on fish, crabs, insects and all kinds of waste. It also takes eggs and young of other birds.

## **Sílamáfur** *(Larus fuscus)*




Vetrarstöðvar: Pýreneaskagi og NV-Afríka



| | cm | g |
|---|---|---|
| 3 | 135-155 | 800 |

Sílamáfur lifir á fjölbreyttri fæðu, en aðallega þó á sandsíli og öðrum smáfiskum. Hann leitar meira ætis á landi en aðrir stórir máfar, tekur þá m.a. skordýr og orma og fer í berjamó á haustin. Önnur fæða er t.d. hræ, úrgangur, egg og ungar. Röddin er hærri en svartbaks en dýpri en silfurmáfs.

The Lesser Black-backed Gull has a diverse diet that consists of e.g. fish, insects, eggs, chicks, small birds, seeds, berries and waste.

## **Svartbakur** *(Larus marinus)*




Að mestu staðfugl

| | cm | g |
|---|---|---|
| 2-3 | 150-165 | 2000 |

Svartbakur er alæta, þó sandsíli og loðna sé aðalfæðan. Hann tekur krabba, krossfiska og aðra hryggleysingja. Fer einnig í hræ, fiskúrgang, á ruslahauga og étur egg og unga fugla. Gefur frá sér djúpt og snöggt hlakk, er djúpraddaðastur máfa.

The Great Black-backed Gull is an opportunistic feeder and chooses the food based on availability and convenience..